

Rútuferðir ehf  
Co/ Hjalti Allan Sverrisson  
Netf. rutuferdir@simnet.is  
Ölkelduveg 5, 350 Grundafjörður



Hellissandur 16. desember 2016  
UST201611-099

## **Efni: Umsókn um leyfi fyrir atvinnustarfsemi í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Rútuferða ehf, kt. 6908120100, dags. 13. nóvember, 2016 vegna umsóknar um leyfi fyrir atvinnustarfsemi í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Sótt er um leyfi til að vera með jöklaferðir á snjótroðara og snjósleðum og á „buggy“ bílum á ferðaleiðum innan Þjóðgarðsins. Starfsemin mun hefjast í janúar 2017 og er um ótímabundna leyfisósk er að ræða.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní 2001 og um hann gilda ákvæði 47. og 82. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 auk ákvæða reglugerðar nr. 568/2001 um Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, eftir því sem þau geta átt við. Umhverfisstofnun staðfesti verndaráætlun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls 15. júní 2010 í samræmi við 22. gr. reglugerðarinnar.

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir hvers konar atvinnustarfsemi í Þjóðgarðinum. Ferðaþjónusta innan Þjóðgarðsins skal skipulögð á grundvelli sjálfbærrar ferðamennsku, sbr. 17. gr. reglugerðar um Þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um Þjóðgarðinn. Ekki má spilla þar gróðri, trufla dýralíf né hrófla við jarðmyndunum. Úrgangi skal komið fyrir í sérstökum sorpílátum, enda er óheimilt að fleygja úrgangi eða grafa hann, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 568/2001.

Í Þjóðgöörðum eru allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist sbr. 3. mgr. 47. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Mikilvægt er að sú starfsemi sem leyfð er í Þjóðgarðinum skerði hvorki verndargildi hans né ímynd. Ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls kom saman þann 17. mars 2016 og fundaði um stöðu ferðaþjónustu innan Þjóðgarðsins. Nefndarmenn voru allir sammála að marka þurfi skýra stefnu um atvinnustarfsemi innan Þjóðgarðsins í samræmi við reglugerð nr. 568/2001 um Þjóðgarðinn. Vinnu við stefnumörkun er ekki lokið en á fundi ráðgjafarnefndar kom fram að til að hægt væri að heimila atvinnustarfsemi innan svæðisins þá þyrftu innviðir að geta borið þá aukningu sem ný þjónusta leiði af sér.

### **Lýsing:**

Rútuferðir ehf. sækja um leyfi til að vera með ferðir á snjósleðum upp á topp Snæfellsjökuls á ársgrundvelli og á svokölluðum „buggy“ bílum á vissum ferðaleiðum innan Þjóðgarðsins yfir sumartímann. Á jökulinn er ætlunin er að bjóða uppá eina til tvær ferðir á dag yfir vetrartímann (nóvember til apríl). Hámarksfjöldi farþega yrði 20 manns í hverri ferð. Yfir sumarmánuðina verður boðið uppá fjórar ferðir á dag með að hámarki 30 manns í hverri ferð.

Frá miðjum júní til miðs september mun fyrirtækið einnig bjóða uppá ferðir að jökli á buggy bílum og verða eknar ferðaleiðir frá Arnastapa um Jökulháls og áfram niður Eysteinsdal að Öndverðarnesi, þar sem skipt verður um hóp og sama leið ekin til baka (allt að 2 - 4 ferðir yfir hálsinn daglega). Allt að 20 manns geta nýtt sér umrædd farartæki í hverri ferð. Tækjafloki fyrirtækisins samanstendur af 2 snjótroðurum, 4 vélsleðum og 12 buggy bílum.

### **Áhrifamat:**

Heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis svo fremi sem jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætt á náttúruspjöllum, sbr. 2. ml. 1. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umferð á vélknúnum ökutækjum í þjóðgarðinum er ferðamönnum aðeins heimil á vegum og bílastæðum. Akstur vélknúinna ökutækja á jökli er háð leyfi þjóðgarðsvarðar, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 568/2001.

Í verndaráætlun þjóðgarðsins segir að mikilvægt sé að hafa skýra stefnu um vegagerð að jöklinum, umgengni og umferð og eins hvernig tekið skuli á óskum um starfsemi á eða við jökulinn. Við þá vinnu er ávallt nauðsynlegt að hafa í huga verndun náttúru Snæfellsjökuls og smæð hans. Ekki er leyfilegt að byggja upp varanlega aðstöðu við jökulinn, þ.e. sú aðstaða sem er leyfð verður að vera flytjanleg og afturkræf.

Umhverfisstofnun telur að ferðir á snjótroðara og snjósleðum upp á topp Snæfellsjökuls skerði ekki verndargildi þjóðgarðsins Snæfellsjökuls enda verði farið eftir þeim reglum sem gilda um akstur á vélknúnum ökutækjum á jöklum og snævi þakinni jörð og þeim skilyrðum sem Umhverfisstofnun setur. Sama gildir um akstur „buggy“ bíla um ferðaleiðir (akvegi) innan þjóðgarðsins. Hafa skal þó í huga að nokkur hávaði og mengun fylgir aukinni umferða á jökul og ber rekstraráðilum að hafa það í huga og taka tillit til annarra ferðamanna, ekki síst göngufólks.

### **Niðurstaða:**


Umhverfisstofnun veitir, Rútuferðum ehf, kt. 6908120100, fyrir sitt leyti leyfi til jöklaferða á snjótroðara og snjósleðum í atvinnuskyni á og við Snæfellsjökul innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls eins og fram kemur í umsókn fyrirtækisins. Á grundvelli þess að unnið er að nýrri ferðamálastefnu þjóðgarðsins, niðurstöður þolmarkagreininga liggja ekki fyrir og byggingu innviða er ekki lokið verður leyfið gefið út til tveggja ára að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- Umgengnisreglum þjóðgarðsins Snæfellsjökuls samkvæmt reglugerð nr. 568/2001 verði fylgt og þær kynntar fyrir viðskiptavinum.
- Reglum um akstur á jöklum og snævi þakinni jörð verði fylgt í hvívetna.
- Leggja skal áherslu á að takmarka ónæði sem aðrir gestir verða fyrir, m.a. með því að aka stystu mögulega leið frá jökulrótum að áfangastað á jökli, stöðva vélar ökutækja og vélsleða á skipti- og áfangastöðum og aka með gát í grennd göngufólks.
- Hafa skal samráð við þjóðgarðsvörð um akstursleiðir á jökli og skiptistöð við Öndverðarnes.
- Öryggisáætlun vegna slysa á fólki og mengunarslysa, liggja fyrir eigi síður en 1. febrúar 2017.
- Viðbragðsáætlun vegna slysa á fólki og mengunarslysa, liggja fyrir eigi síður en 1. febrúar 2017.
- Í lok hvers árs skal skila skýrslu til Umhverfisstofnunnar með yfirliti um störf fyrirtækisins á hinu friðlýsta svæði. s.s fjölda ferðamanna, fjölda ferða og annað er varðar áhrif starfseminar á hið friðlýsta svæði.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik frá áður útgefinni verkefnalýsingu.
- Ganga skal vel og snyrtilega um þjóðgarðinn og fylgja ber öllum þeim lögum og reglum sem um þjóðgarðinn gilda. Allt rusl sem fellur til á ferðaleiðum skal flutt af svæðinu.
- Leyfi þetta gildir frá 16. desember 2016 til 16. desember 2018.

### **Eftirlit:**

Starfsmenn þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sinna reglubundnu eftirliti á svæðinu. Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir eftirlit, 11.900 kr. samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar, nr. 535/2015 frá 16. júní 2015.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri

  
Jón Björnsson  
Þjóðgarðsvörður